Reykjavík, 14. júní 2019
2019010018
3.8.11

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

***Golfklúbbur Brautarholts***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 11. febrúar 2019 var lagt fram erindi Golfklúbbs Brautarholts (GBR) dags. 15. janúar 2019 með ósk um vallarstyrk og leigustyrk að upphæð 25.0 mkr. (fsk.I).
Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar ÍBR.
Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 13. maí 2019 var lögð fram umsögn ÍBR dags. 10. apríl 2019 (fsk. II).
Í umsögn ÍBR kemur fram að bandalagið telur ekki forsendur til þess að mæla með því að GBR fái rekstrarstyrk miðað við núverandi stöðu mála, en gæti mögulega fengið vallarstyrk.
Á fundi ráðsins var afgreiðslu erindisins frestað og sviðsstjóra ÍTR falið að skoða málið.

Undirritaður hefur átt nokkra fundi með fulltrúum GBR.
Hafa fulltrúar GBR lagt fram nokkrar hugmyndir að styrkveitingu til félagsins út frá ólíkum forsendum og samanburði við styrki til Golfklúbbs Reykjavíkur (GR).

Ef tekið er mið af stærð valla, GR með 45 brautir og GBR með 12 brautir og GR með 150 hektara og GBR með 55 hektara er hægt að stilla upp nokkrum valkostum varðandi reikniforsendur varðandi styrk vegna valla:

I

| GR | 2019 | Brautir | Brautir | GBR |
|---|---|---|---|---|
| Vallarstyrkur | 17.252 kr. | : 45 | x12 | 4.600 kr. |
| Fasteignastyrkur | 5.930 kr. | : 45 | x12 | 1.582 kr. |
| | 23.182 kr. | | | 6.182 kr. |

II

| | | |
|---|---|---|
| Fjöldi svæða | 23.182 kr. / 2 svæði | = 11.591 kr. eitt svæði |

| III Stærð svæða | GR | GBR |
|---|---|---|
| 23.200 = / 150 hektarar | 154.166 p.ha | 55 hektarar = 8.506.630 kr. |

IV
GR rekur til viðbótar við 18 holu völl við Gafarholt og 27 holu völl við Korpúlfsstaði, 6 holu æfingavöll við Grafarholt og 9 holu æfingavöll við Korpúlfsstaði.

Ómar Einarsson.